**Blessun**

**Eftirspil**
Þú hýri Hafnarfjörður
*Guðlaug Pétursdóttir - Friðrik Bjarnason*



Hið mikla starf þitt móðir góð,
við metum ei, sem skyldi.
Þú vinnur oft svo þreytt, en hljóð,
þín hönd er þrungin mildi.

Við barm þinn ljúfan, blítt og rótt,
þú barn þitt vefur örmum.
Þú kyndir eld á kaldri nótt,
og kyssir tár af hvörmum.
*Guðmundur Sveinsson*

Prestur: *Margrét Lilja Vilmundardóttir*
Organisti: *Gunnar Gunnarsson*
Einsöngvari: *Kirstín Erna Blöndal*
Kór: *Sönghópur Fríkirkjunnar*
Umsjón útfarar: *Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar*

*Jarðsett verður í Garðaholtskirkjugarði.*

*Ástvinir þakka hlýhug og vinsemd og bjóða viðstöddum*
*að þiggja veitingar að athöfn lokinni í Garðaholti.*

PRENTSTOFAN HVÍTA ÖRKIN

# Kristín Guðmundsdóttir

Fædd 14. september 1941
Dáin 17. febrúar 2025



Útför frá Garðakirkju
mánudaginn 3. mars 2025

## Forspil

Ave verum corpus

*W. A. Mozart*

## Bæn

Á hendur fel þú honum,
sem himna stýrir borg,
það allt, er áttu' í vonum,
og allt, er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her,
hann fótstig getur fundið,
sem fær sé handa þér.

Ó, þú, minn faðir, þekkir
og það í miskunn sér,
sem hagsæld minni hnekkir,
og hvað mér gagnlegt er,
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því allt þér einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Mín sál, því örugg sértu,
og set á Guð þitt traust.
Hann man þig, vís þess vertu,
og verndar efalaust.
Hann mun þig miskunn krýna.
Þú mæðist litla hríð.
Þér innan skamms mun skína
úr skýjum sólin blíð.

*Björn Halldórsson - Gerhardt - Sb. 1886*

## Ritningarorð

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal
óttast ég ekkert illt því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu, bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

*23. Davíðssálmur - Margrét Scheving*

## Guðspjall





Líttu sérhvert sólarlag

*Bragi Valdimar Skúlason*

## Minningarorð

## Einsöngur

Endar nú dagur

*Sigurður Jónsson í Presthólum - Hörður Áskelsson*

## Bæn – Faðir vor

Ég krýp og faðma fótskör þína,
frelsari minn, á bænarstund.
Ég legg sem barnið bresti mína,
bróðir, í þína líknarmund.
Ég hafna auðs- og hefðarvöldum,
hyl mig í þínum kærleiksöldum.

*Guðmundur Geirdal - Bortniansky*

## Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði,
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson - Thomissøn*